

## AUGLÝSING

### um heildarsamning um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu.

Hinn 29. janúar 2020 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu sem gerður var í Jakarta 16. desember 2018. Alþingi hafði með ályktun nr. 11/150 hinn 18. nóvember 2019 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. nóvember 2021.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðauka við samninginn og nánari upplýsingar um hann má nálgast á vef utanríkisráðuneytisins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 17. maí 2024.*

F. h. r.

**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****HEILDARSAMNINGUR UM EFNAHAGSLEGA SAMVINNU  
MILLI  
LÝÐVELDISINS INDÓNESÍU  
OG  
EFTA-RÍKJANNA****FORMÁLSORÐ**

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“),

og

Lýðveldisins Indónesíu,

hér á eftir nefnd, hvert og eitt, „samningsaðili“ eða sameiginlega „samningsaðilar“,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR þeirri sameiginlegu ósk að efla tengsl milli EFTA-ríkjana og Indónesíu með því að koma á heildarsamningi um efnahagslega samvinnu (hér á eftir nefndur „samningurinn“) sem byggist á meginreglunum um jafnræði fullvalda ríkja og gagnkvæmri virðingu, í anda uppbyggingar og gagnkvæms ávinnings,

SEM HAGA Í HUGA mikilvægi samstarfs og uppbyggingar á getu, byggt á möguleikum samningsaðilanna, með það í huga að efla framkvæmd þessa samnings,

SEM ÁRÉTTA stuðning sinn við þær meginreglur og markmið sem eru sett fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni, m.a. lýðræði, réttarreglur, mannréttindi og mannfrelsi,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR að efnahagsþróun, félagsleg þróun og umhverfisvernd eru víxltengdir þættir sjálfbærrar þróunar sem styðja hver annan,

SEM ÁRÉTTA þá skuldbindingu sína að styðja við og ýta undir þróun markmiða áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030, m.a. markmiðið um að útrýma fátækt í öllu formi og birtingarmyndum og að þörf er fyrir heildrænar og samþættar aðferðir til að ná fram hagvexti, félagslegri þróun og umhverfislegri sjálfbærni á lands-, svæðis- og heimsvísu og sem minnast í þessu samhengi réttinda sinna og skyldna samkvæmt samningum um umhverfismál og samningum sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO),

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að beita samningi þessum með það markmið að leiðarljósi að varðveita og vernda umhverfið með traustri umhverfisstjórnun og að tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda heimsins í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar,

SEM STEFNA AÐ ÞVÍ að skapa ný atvinnutækifæri og bæta lífskjör, ásamt því að efla heilsuvernd og öryggi og umhverfisvernd,

SEM VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín í milli og fyrir aukna samvinnu í viðskiptum og efnahagsmálum á sviðum þar sem samningsaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

SEM VIÐURKENNA mikilvægi viðskiptalíprunar með því að efla skilvirka og gagnsæja málsmeðferð til að draga úr kostnaði og tryggja fyrirsjáanleika fyrir viðskiptasamfélög samningsaðilanna,

SEM HAGA EINSETT SÉR að stuðla að og styrkja enn frekar marghliða viðskiptakerfi með því að byggja á réttindum og skyldum hvers samningsaðila um sig samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „samningurinn um Alþjóðaviðskipta-

stofnunina“) og öðrum samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt honum og stuðla þannig að samstilltri þróun og eflingu alþjóðaviðskipta,

SEM STAÐFESTA þá skuldbindingu sína að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og að halda á lofti meginreglunum um gagnsæi og góða opinbera stjórnunarhætti,

SEM HAFA Í HUGA mikilvægi Parísaryfirlýsinginnar um markvirkni í þróunarstarfi,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR mikilvægi góðra stjórnarháttanna fyrirtekja og samfélagslegrar ábyrgðar þeirra á sviði sjálfbærrar þróunar og sem staðfesta það ætlunarverk sitt að hvetja fyrirtæki til að virða alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunar- og meginreglur í þessu tilliti, t.d. viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, meginreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um stjórnarhætti fyrirtekja og hnattrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum,

SEM ERU SANNFÆRÐIR UM að þessi samningur og það samstarf og uppbygging á getu sem ráðist er í í tengslum við hann muni efla samkeppnishæfni fyrirtekja þeirra, m.a. lítilla og meðalstórra fyrirtekja á heimsmörkuðum og skapa skilyrði fyrir því að efla tengsl þeirra á milli á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

SEM ERU STAÐRÁÐNIR Í að koma á lagaramma um víðtæka efnahagslega samvinnu milli samningsaðilanna,

SAMÞYKKJA HÉR MEÐ, með framangreint að leiðarljósi, að gera með sér eftirfarandi samning:

## 1. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### Gr. 1.1

#### *Víðtækri efnahagslegri samvinnu komið á.*

Samningsaðilarnir koma hér með á fót víðtækri efnahagslegri samvinnu, m.a. fríverslunarsvæði, á grundvelli þessa samnings, sem er byggð á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa, í því augnamiði að stuðla að samræmdri þróun og efla heimsviðskipti og að auka hagsæld og örva sjálfbæra þróun.

#### Gr. 1.2

#### *Markmið.*

Markmiðin með samningi þessum eru:

- a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),
- b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“),
- c) að efla með gagnkvæmum hætti fjárfestingartækifæri,
- d) að tryggja næga og árangursríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við alþjóðlega staðla,
- e) að efla samstarf og kanna möguleika á að auka frelsi á sviði opinberra innkaupa,
- f) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar efnahagstengsl milli samningsaðilanna,
- g) að tryggja samstarf og uppbyggingu á getu til að efla og vikka út ávinning af þessum samningi og draga þannig úr fátækt og stuðla að samkeppnishæfni og sjálfbærri efnahagsþróun og
- h) að þróa alþjóðaviðskipti þannig að stuðlað verði að markmiði sjálfbærrar þróunar eins og það er fellt inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna og endurspeglast í þeim.

#### Gr. 1.3

#### *Landfræðilegt gildissvið.*

1. Samningur þessi gildir um eftirfarandi nema kveðið sé á um annað í I. viðauka (Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu):

- a) á landsvæði, innsævi og landhelgi samningsaðila og í loftrými yfir yfirráðasvæði samningsaðila í samræmi við reglur þjóðaréttar, m.a. hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna sem var gerður í Montego Bay 10. desember 1982 og
  - b) utan landhelginnar með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda sinna og lögsögu í samræmi við reglur þjóðaréttar, m.a. hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna sem var gerður í Montego Bay 10. desember 1982.
2. Samningur þessi gildir ekki á norska yfirráðasvæðinu Svalbarða nema um viðskipti með vörur.

#### Gr. 1.4

##### *Efnahagsleg samvinna sem fellur undir þennan samning.*

1. Samningur þessi gildir um Indónesíu annars vegar og einstök EFTA-ríki hins vegar en ekki um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.
2. Í samræmi við tollasamninginn frá 29. mars 1923 milli Sviss og Liechtensteins skal Sviss koma fram fyrir hönd Liechtensteins í málefnum sem falla undir þann samning.

#### Gr. 1.5

##### *Tengsl við aðra alþjóðasamninga.*

1. Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum á grundvelli hans sem þeir eiga aðild að og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.
2. Telji samningsaðili að viðhald eða stofnun tollabandalags, fríverslunarsvæða, fyrirkomulags landamæraviðskipta eða annarra fríðindasamninga af hálfu annars samningsaðila hafi þau áhrif að breyta því viðskiptafyrirkomulagi, sem samningur þessi kveður á um, getur hann farið fram á samráð. Sá samningsaðili sem gerir slíkan samning skal gefa nægilegt svigrúm til samráðs við þann samningsaðila sem fer fram á það.
3. Ef gerðar eru breytingar á alþjóðasamningi, sem um getur í þessum samningi, geta samningsaðilarnir haft með sér samráð um hvort nauðsynlegt sé að breyta þessum samningi.

#### Gr. 1.6

##### *Efndir skuldbindinga.*

Samningsaðilarnir skulu gera almenningar eða sértækar ráðstafanir sem þörf eru á til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Sérhver samningsaðili skal á yfirráðasvæði sínu tryggja að ríkisstjórn og svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld hvers um sig gegni öllum skyldum sínum og efni allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og að það sé gert af hálfu óopinberra stofnana þegar þær fara með opinbert vald sem þeim er falið.

#### Gr. 1.7

##### *Gagnsæi og trúnaðarupplýsingar.*

1. Samningsaðilarnir skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglum, ákvörðunum dómstóla, stjórnarsýsluúrskurðum sem hafa almennt gildi og alþjóðasamningum hvers um sig sem geta haft áhrif á rekstur samnings þessa.
2. Sérhver samningsaðili skal svara ákveðnum spurningum og veita öðrum samningsaðila tímanlega upplýsingar, að fram kominni beiðni, um þau málefni sem um getur í 1. mgr.
3. Ekkert í þessum kafla skal túlkað svo að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindrar framkvæmd laga eða er á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða lögmætum viðskiptahagsmunum atvinnurekanda.
4. Sérhver samningsaðili skal gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem annar samningsaðili sendir enda hafi sá samningsaðili sem þær sendir auðkennt þær sem trúnaðarmál.
5. Sé ósamræmi milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða, sem varða gagnsæi í öðrum hlutum samnings þessa, skulu síðarnefndu ákvæðin gilda að því marki sem ósamræmis gætir.

## Gr. 1.8

*Undanþága frá skattlagningu.*

1. Ekkert í samningi þessum gildir um ráðstafanir í skattamálum nema kveðið sé á um það í þessari grein.
2. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt skattasamningi sem er í gildi milli viðkomandi EFTA-ríkis og Indónesíu. Ef samningur þessi stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda fram, að því marki sem ósamræmis gætir. Lögbær yfirvöld samkvæmt þeim skattasamningi skulu ein bera ábyrgð á því að ákvarða hvort ósamræmi sé fyrir hendi milli þessa samnings og fyrrnefnds skattasamnings.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu þau ákvæði sem um getur hér á eftir gilda um ráðstafanir í skattamálum:
  - a) ákvæði gr. 2.9 (Skattar og reglur innanlands) og þau ákvæði önnur í þessum samningi sem eru nauðsynleg til að koma ákvæðum þeirrar greinar til framkvæmda í sama mæli og ákvæðum III. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (GATT-samningsins) og
  - b) ákvæði gr. 3.16 (Almennar undantekningar) og gr. 4.11 (Almennar undantekningar) í sama mæli og ákvæði XIV. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS-samningsins).
4. Að því er þessa grein varðar skulu ráðstafanir í skattamálum ekki taka til innflutningsgjalda eins og þau eru skilgreind í gr. 2.2 (Innflutningsgjöld) né heldur útflutningsgjalda eins og þau eru skilgreind í gr. 2.3 (Útflutningsgjöld).

## 2. KAFLI

**VÖRUVIÐSKIPTI**

## Gr. 2.1

*Gildissvið.*

Þessi kaflí gildir um vöruviðskipti milli samningsaðilanna.

## Gr. 2.2

*Innflutningsgjöld.*

1. Hver samningsaðili skal veita tollaívilnanir vegna vara sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila í samræmi við II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur).
2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal samningsaðili ekki hækka innflutningsgjöld eða leggja ný innflutningsgjöld á vörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila og falla undir II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur).
3. Í þessum samningi merkir „innflutningsgjöld“ hvers kyns tollar og gjöld, m.a. skattar og aukagjöld, sem eru lögð á í tengslum við innflutning vöru, þó ekki tollar og gjöld sem eru lögð á í samræmi við III. og VIII. viðauka við GATT-samninginn frá 1994 og gjöld vegna undirboða sem er beitt skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samræmi við gr. 2.15 (Ráðstafanir gegn undirboðum).

## Gr. 2.3

*Útflutningsgjöld.*

Ef samningaðili gerir samkomulag við aðila sem stendur utan samningsins um að leggja niður eða takmarka útflutningstolla skal hann, að fram kominni beiðni annars samningsaðila, ekki veita þeim samningsaðila óhagstæðari meðferð.

## Gr. 2.4

*Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu.*

Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu eru sett fram í I. viðauka (Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu).

## Gr. 2.5

*Tollverðsákvörðun.<sup>1</sup>*

Ákvæði VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og I. hluti samningsins um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

## Gr. 2.6

*Veiting innflutningsleyfa.*

1. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa skal gilda og er hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Þegar samningsaðilarnir samþykkja eða viðhalda málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa skulu þeir beita málsmeðferð sem er í samræmi við þennan samning. Einkum skal hver samningsaðili sjá til þess að þessari málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sé beitt án mismununar á gagnsæjan, réttlátan og sanngjarnan og fyrirsjáanlegan hátt sem leiðir til sem minnstra viðskiptahindrana.
3. Með fyrirvara um innlend lög og reglur innflutningssamningsaðilans skal greina umsækjanda, skriflega og án ástæðulausrar tafar, frá ástæðum fyrir því að umsókn um leyfi er ekki samþykkt og skal hann eiga rétt á að áfrýja á a.m.k. einu stjórnsýslu- eða dómssstigi og fá skriflegan rökstuðning án ástæðulausrar tafar ef synjað er áfram um samþykki eftir slíka áfrýjun.
4. Við gildistöku þessa samnings skal sérhver samningsaðili þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um gildandi málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa. Sérhver samningsaðili skal þegar í stað tilkynna um nýja málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem og um breytingar á fyrirliggjandi málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa. Í slíkri tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um stjórnsýslulegan tilgang slíkrar málsmeðferðar við veitingu innflutningsleyfis og skal hún vera í samræmi við gr. 5.2 og gr. 5.3 í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa.
5. Sérhver samningsaðili skal þegar í stað bregðast við beiðnum um upplýsingar um þær kröfur sem annar samningsaðili gerir varðandi innflutningsleyfi.
6. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum um tengiliði, sem bera ábyrgð á útgáfu innflutningsleyfa, til þess að greiða fyrir samskiptum og upplýsingaskiptum með reglubundnum hætti.

## Gr. 2.7

*Magntakmarkanir.*

1. Ákvæði XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Engum samningsaðila er heimilt að samþykkja eða viðhalda banni eða takmörkun á innflutning vöru frá öðrum samningsaðila eða útflutning vöru til annars samningsaðila nema ráðstöfunum í samræmi við 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994.
3. Samningsaðili, sem hyggst beita ráðstöfun í samræmi við 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994, skal þegar í stað tilkynna það sameiginlegu nefndinni. Tilkynning samningsaðila í samræmi við XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skal teljast jafngild tilkynningu samkvæmt þessum samningi.
4. Ráðstöfun, sem er beitt í samræmi við þessa grein, skal vera til bráðabirgða og má ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ráða við þær aðstæður sem er lýst í 2. mgr. Samningsaðilarnir skulu gera sitt ýtrasta til að hætta beitingu ráðstafana eigi síðar en þremur árum eftir að beiting þeirra hófst.
5. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstafanir hans séu gagnsæjar og þeim beitt án stjórnsýslulegrar mismununar í samræmi við 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og að slíkar ráðstafanir sé ekki mótaðar, samþykktar eða þeim beitt með það í huga eða hafi þau áhrif að skapa ónauðsynlegar viðskiptahindranir milli samningsaðilanna.

<sup>1</sup> Sviss leggur á tolla sem miðast við þyngd og magn fremur en verðtolla.

## Gr. 2.8

*Þóknanir og formsatriði.*

Ákvæði VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda, með fyrirvara um 9. gr. (Þóknanir og gjöld) VI. viðauka (Viðskiptaliprun).

## Gr. 2.9

*Skattar og reglur innanlands.*

Ákvæði III. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

## Gr. 2.10

*Útflutningsstyrkir til landbúnaðar.*

Engum samningsaðila er heimilt að samþykkja eða viðhalda útflutningsstyrkjum eins og þeir eru skilgreindir í landbúnaðarsamningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í tengslum við útflutning landbúnaðarafurða til annars samningsaðila.

## Gr. 2.11

*Staðlar, tæknilegar reglur og samræmismatsferli.*

1. Ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „TBT-samningurinn“) gilda, nema kveðið sé á um annað í þessari grein, og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á tæknilegum reglum í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.
3. Samningsaðilarnir samþykkja að eiga samráð um tæknimál telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert eða sé að íhuga ráðstöfun sem samrýmist ekki ákvæðum TBT-samningsins, í því skyni að finna viðeigandi lausn í samræmi við TBT-samninginn. Slíkt samráð, sem má eiga sér stað innan eða utan ramma sameiginlegu nefndarinnar, skal fara fram innan 40 daga frá því farið er fram á slíkt samráð. Fari samráð fram utan sameiginlegu nefndarinnar ætti að tilkynna henni um það. Samráðið getur farið fram með hverjum þeim hætti sem um semst.
4. Á grundvelli beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir samþykkja, án ástæðulausrar tafar, fyrirkomulag við að veita hver öðrum jafngilda meðferð í tengslum við tæknilegar reglur, staðla og samræmismat sem hver samningsaðili og aðili, sem stendur utan samningsins, hafa náð gagnkvæmri sátt um.
5. Samningsaðilarnir geta gert breytingar á þessum samningi eða gert aðra samninga til að koma í veg fyrir, fella niður eða draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum, m.a. samninga um gagnkvæma viðurkenningu sem eiga að koma í veg fyrir tvíverknað og óþarflega íþyngjandi samræmismatsferli á tilteknum vörusviðum.

## Gr. 2.12

*Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.*

1. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna gildir nema kveðið sé á um annað í þessari grein og er hann hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Innflutningssamningsaðili skal sjá til þess að frjálsir vöruflutningar fari fram í samræmi við viðeigandi kröfur varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og viðeigandi innlend lög og reglur þegar vörurnar eru komnar á innlandan markað hans. Kröfur um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og innlend lög og reglur skulu gilda á jafnréttisgrundvelli.
3. Samningsaðilarnir samþykkja að nota fyrst og fremst úttektir á kerfum sem matsaðferð. Samningsaðilarnir skulu rökstyðja og samþykkja nauðsyn þess að framkvæma skoðanir á staðnum.
4. Samningsaðilarnir samþykkja að lágmarka fjölda fyrirmynda að SPS-vottorðum, um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, eins og kostur er. Sé gerð krafa um opinber vottorð skulu þau vera í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum stöðlum. Samningsaðili

skal, þegar hann innleiðir eða breytir vottorði, tilkynna á ensku um hið nýja eða breytta vottorð, sem tillaga er gerð um, með eins skjótum hætti og aðstæður leyfa. Samningsaðilarnir skulu útskýra og rökstyðja innleiðingu eða breytingu vottorðs. Útflutningssamningsaðilanum skal gefinn nægur tími til að laga sig að hinum nýju kröfum.

5. Innflutningseftirlit skal fara fram í samræmi við alþjóðlega staðla, leiðbeiningar og tilmæli sem viðeigandi alþjóðastofnanir hafa gefið út, t.d. Alþjóðamatvæslaskráráðið (CAC), m.a. nefnd þess um skoðunar- og vottunarkerfi vegna matvælainnflutnings og -útflutnings (CCFICS), alþjóðasamningurinn um plöntuvernd (IPP) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE).
6. Kröfur og eftirlit vegna innflutnings, sem er beitt gagnvart innfluttum vörum sem falla undir þessa grein, skulu byggð á þeirri áhættu sem fylgir slíkum vörum og skal þeim beitt á jafnréttisgrundvelli. Innflutningseftirlit og eftirlit á landamærum skal fara fram með eins skjótum hætti og frekast er unnt og þannig að það valdi ekki meiri viðskiptatakmarkunum en nauðsyn ber til.
7. Lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum, að fenginni beiðni, um tíðni innflutningseftirlits eða breytingar á henni.
8. Sérhver samningsaðili skal ganga úr skugga að fyrir hendi séu fullnægjandi verklagsreglur til að heimila aðila eða einingu, sem er ábyrg fyrir vörusendingu sem sýni eru tekin úr og greind, að óska eftir öðru áliti sérfræðinga sem hluta af opinberri sýnatöku.
9. Vörur, sem sæta úrtakskönnun og venjubundnu eftirliti við innflutning, ætti að afgreiða á meðan beiðið er niðurstaðna prófana ef ekki er fyrir hendi ætluð eða staðfesta áhætta í tengslum við þessar vörur.
10. Sé vöru haldið eftir á landamærum vegna áhættu, sem talin er vera til staðar, skal taka ákvörðun um afgreiðslu eins fljótt og aðstæður leyfa. Allt kapp skal lagt á að komast hjá því að vörur, sem hætt er við skemmdum, spillist.<sup>2</sup>
11. Sé vöru hafnað í komuhöfn vegna alvarlegs máls er varðar hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skal tilkynna lögbæru yfirvaldi útflutningssamningsaðilans um það eins fljótt og aðstæður leyfa. Láta skal útflutningssamningsaðilanum skriflega í té, að fram kominni beiðni, upplýsingar um þær staðreyndir sem liggja að baki og vísindalegan rökstuðning, eins fljótt og aðstæður leyfa og eigi síðar en innan 14 daga.
12. Haldi samningsaðili eftir í komuhöfn vöru, sem er flutt út frá öðrum samningsaðila, vegna þess að talið er að ekki hafi verið farið að ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skal tilkynna þeim aðila eða einingu, sem ber ábyrgð á sendingunni, án tafar um þau rök, byggð á staðreyndum, sem liggja að baki haldlagningunni. Ef vöru er hafnað í komuhöfn skal sérhver samningsaðili tryggja að viðeigandi stjórnsýslu- eða lagameðferð sé fyrir hendi til að unnt sé að leggja fram kæru til að áfrýja ákvörðuninni í samræmi við lög hans og reglur.
13. Samráð skal fara fram að beiðni samningsaðila sem telur annan samningsaðila hafa gert ráðstöfun sem er líkleg til að leiða til, eða hefur leitt til, viðskiptahindrunar. Slíkt samráð skal fara fram innan 30 daga frá viðtökudegi beiðninnar með það að markmiði að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Fari samráð ekki fram í sameiginlegu nefndinni ætti að tilkynna henni um það. Þegar um er að ræða vörur, sem hætt er við skemmdum, skal samráð milli lögbærra yfirvalda samningsaðilanna fara fram án ástæðulausrar tafar. Samráðið getur farið fram með hverjum þeim hætti sem um semst.
14. Að fenginni beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir samþykkja, án ástæðulausrar tafar, fyrirkomulag um að veita hver öðrum jafngilda<sup>3</sup> meðferð í tengslum við ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem hver samningsaðili og aðili, sem stendur utan samningsins, hafa náð gagnkvæmri sátt um.
15. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti. Þeir skulu tilkynna hver öðrum um hvers kyns verulegar breytingar á því hvernig ábyrgð lögbærra yfirvalda og tengiliða er komið fyrir, hún skipulögð og henni deilt.

<sup>2</sup> Í þessari grein merkir „vörur sem hætt er við skemmdum“ vörur sem hafa þann náttúrulega eiginleika að skemmast hratt, einkum þegar viðeigandi geymsluaðstæður eru ekki fyrir hendi.

<sup>3</sup> Hugtakið „jafngildur“, sem er notað hér, skal ekki skilja með sama hætti og hugtakið „jafngildur“ í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.



Gr. 2.13  
*Viðskiptaliprun.*

Réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi viðskiptaliprun eru sett fram í VI. viðauka (Viðskiptaliprun).

Gr. 2.14  
*Styrkir og jöfnunarráðstafanir.*

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.
2. Þegar samningsaðila, sem hyggst hefja rannsókn, berst tilhlýðilega skjalfest beiðni um jöfnunartoll vegna innflutnings annars samningsaðila, og áður en rannsókn hefst, skal hann tilkynna samningsaðilanum, sem vörurnar, sem rannsókninni er beint að, tilheyra, um það skriflega með a.m.k. 30 daga fyrirvara og bjóða þeim samningsaðila til samráðs til að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Tilkynningaraðilinn skal veita 30 daga frest til samráðs. Samráðið getur farið fram í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðilarnir samþykkja það og það ætti ekki að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld samningsaðilanna hefji rannsókn með skjótum hætti.

Gr. 2.15  
*Ráðstafanir gegn undirboðum.*

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna í tengslum við ráðstafanir gegn undirboðum í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, sbr. þó 2.–5. mgr.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. og í ljósi þeirrar víðtæku efnahagslegu samvinnu sem komið er á fót með þessum samningi munu samningsaðilarnir íhuga að falla frá því að hefja málsmeðferð vegna undirboða eða beita ráðstöfunum gegn undirboðum hver gegn öðrum.
3. Þegar samningsaðila, sem hyggst hefja rannsókn, berst tilhlýðilega skjalfest beiðni um að hefja rannsókn á undirboðum vegna innflutnings annars samningsaðila, og áður en rannsókn hefst, skal hann tilkynna samningsaðilanum, sem vörurnar, sem rannsókninni er beint að, tilheyra, um það skriflega með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Við afar óvenjulegar kringumstæður má stytta framangreindan 30 daga frest í allt að sjö daga. Að fram kominni beiðni samningsaðilans, sem vörurnar, sem rannsókninni er beint er, tilheyra, skal veita 30 daga frest til samráðs. Samráðið getur farið fram í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðilarnir koma sér saman um það. Þetta samráð ætti ekki að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld samningsaðilanna hefji rannsókn með skjótum hætti.
4. Ef ekki hafa orðið breytingar á aðstæðum skal samningsaðili ekki hefja rannsókn á undirboðum að því er varðar sömu vöru frá sama samningsaðila eftir að tekin er ákvörðun sem leiddi til þess að engum ráðstöfunum gegn undirboðum var beitt eða að þær voru afturkallaðar eða eftir að ráðstöfun var hætt. Í því tilviki samþykkja samningsaðilarnir að gera sérstaka könnun á beitingu vegna rannsóknar á undirboðum.
5. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni samningsaðila, skiptast á sjónarmiðum varðandi beitingu þessarar greinar og áhrif hennar á viðskipti milli samningsaðilanna á fundum sameiginlegu nefndarinnar.

Gr. 2.16  
*Verndarráðstafanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.*

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er víðtækar verndarráðstafanir varðar, í samræmi við XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994, samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.
2. Samningsaðili skal, þegar hann gerir ráðstafanir skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir, í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, íhuga að undanskilja innflutning upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum ef slíkur innflutningur veldur ekki eða honum fylgir ekki alvarlegt tjón eða líkur eru á því.

## Gr. 2.17

*Tvíhliða verndarráðstafanir.*

1. Ef lækkun eða afnám tolla samkvæmt samningi þessum leiðir til þess að vara, upprunnin hjá samningsaðila, er flutt inn á yferráðasvæði annars samningsaðila í það auknum mæli, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, og við þau skilyrði að það valdi eða kunni að valda alvarlegu tjóni eða líkum á því svo um munar á yferráðasvæði innflutnings-samningsaðilans fyrir innlenda framleiðslu sambærilegra vara eða vara í beinni samkeppni, er innflutningssamningsaðilanum heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstafana í eins litlum mæli og nauðsynlegt er til þess að bæta tjónið eða fyrirbyggja það, með fyrirvara um ákvæði 2.-11. mgr.
2. Ef skilyrðunum, sem sett eru fram í 1. mgr., er fullnægt er innflutningssamningsaðilanum heimilt að gera ráðstafanir sem felast í því:
  - a) að fresta frekari lækkun tolls á þá vöru sem kveðið er á um í samningi þessum eða
  - b) að hækka toll á vöruna upp að þeim tolli sem lægri er:
    - i. tolli sem er lagður á í bestukjarameðferð þegar tvíhliða verndarráðstöfunin er gerð eða
    - ii. tolli sem er lagður á í bestukjarameðferð daginn fyrir gildistöku samnings þessa.
3. Tvíhliða verndarráðstafanir skulu ekki vara lengur en í eitt ár. Við mjög sérstakar aðstæður, að loknu samráði skv. 7. mgr., er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Eftir þriggja ára tímabil án þess að beita ráðstöfunum og aðeins við neyðaraðstæður er samningsaðila heimilt að beita annarri tvíhliða verndarráðstöfun í samræmi við þessa grein.
4. Því aðeins má grípa til tvíhliða verndarráðstafana að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni eða hættu á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.
5. Samningsaðili, sem hyggst grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað og, hvað sem öðru líður áður en gripið er til hennar, tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegt tjón, eða hættu á því, af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru er um ræðir og upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi hún skal gilda, enn fremur um tímaáætlun um afnám hennar í áföngum.
6. Samningsaðili, sem tvíhliða verndarráðstöfun gæti haft áhrif á, getur farið fram á fullnægjandi bætur vegna viðskipta í formi viðskiptafrelsis, sem er jafngilt að verulegu leyti, í tengslum við innflutning hans.
7. Samningsaðili sem hyggst beita tvíhliða verndarráðstöfun eða framlengja hana skal veita nægilegt svigrúm til fyrirframsamráðs við samningsaðilann sem kann að verða fyrir áhrifum af ráðstöfuninni með það í huga að fara yfir þær upplýsingar sem fram koma í rannsókninni sem um getur í 4. mgr., skiptast á skoðunum um fyrirhugaða beitingu tvíhliða verndarráðstöfunar eða framlengingu hennar og komast að samkomulagi um bætur. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðilarnir koma sér saman um það.
8. Ef ekki finnst lausn sem gagnkvæm sátt er um innan 30 daga frá fyrsta degi samráðs skv. 7. mgr. er innflutningssamningsaðilanum heimilt að samþykkja tvíhliða verndarráðstöfun skv. 2. mgr. til að ráða bót á vandanum og er samningsaðilanum, sem varan, sem ráðstöfunin beinist gegn, tilheyrir, heimilt að grípa til jöfnunaraðgerðar ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um bætur. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum þegar í stað um slíka tvíhliða verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerðina. Val á tvíhliða verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd samnings þessa. Samningsaðilinn, sem grípur til jöfnunaraðgerðar, skal gera það í eins stuttan tíma og mögulegt er til að ná fram, í meginatriðum, jafngildum áhrifum í viðskiptum og, hvað sem öðru líður, einungis á meðan ráðstöfunin skv. 2. mgr. varir.
9. Þegar ráðstöfuninni lýkur skal leggja á þann toll sem í reynd hefði verið lagður á ef tvíhliða verndarráðstöfunin hefði ekki verið gerð.
10. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða sem erfitt yrði að bæta er samningsaðila heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða í samræmi við 2. mgr., samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu þess efnis að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur sé

veigamikil orsök alvarlegs tjóns eða hættu á því fyrir viðkomandi innlenda atvinnugrein. Samningsaðilinn, sem hyggst grípa til slíkrar ráðstöfunar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Hefja skal þær ráðstafanir sem eru settar fram í þessari grein innan 30 daga frá viðtökudegi tilkynningarinnar. Bætur skulu miðast við samanlagðan gildistíma tvíhliða verndarráðstöfunarinnar sem gerð er til bráðabirgða og tvíhliða verndarráðstöfunarinnar.

11. Öllum tvíhliða verndarráðstöfunum til bráðabirgða skal hætt í síðasta lagi innan 200 daga. Gildistími slíkrar tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða skal talinn hluti tímalengdar þeirrar tvíhliða verndarráðstöfunar og framlengingar hennar sem settar eru fram í 3. og 7. mgr., eftir því sem við á. Endurgreiða skal tollahækkunar þegar í stað ef rannsóknin, sem er lýst í 4. mgr., leiðir ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. hafi verið fullnægt.
12. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni samningsaðila, skiptast á sjónarmiðum varðandi beitingu þessarar greinar og áhrif hennar á viðskipti milli samningsaðilanna á fundum sameiginlegu nefndarinnar.

#### Gr. 2.18

##### *Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.*

Ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulagið um túlkun XVII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### Gr. 2.19

##### *Almennar undantekningar.*

Ákvæði XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### Gr. 2.20

##### *Undanþágur af öryggisástæðum.*

Ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### Gr. 2.21

##### *Greiðslujöfnuður.*

1. Ekkert í þessum kafla skal túlka á þann veg að hindra megí samningsaðila, sem á í verulegum erfiðleikum vegna greiðslujafnaðar og ytri fjárhagsskilyrða eða ef hætta er á að slíkir erfiðleikar skapist, í því að gera ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar. Samningsaðili sem gerir slíka ráðstöfun skal gera það í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 og samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um greiðslujöfnuðarákvæðin í hinum almenna samningi um tolla og viðskipti frá 1994 í viðauka 1A við samninginn um Alþjóða-viðskiptastofnunina.
2. Ráðstafanir til takmörkunar á viðskiptum sem eru gerðar vegna greiðslujafnaðar skulu vera til bráðabirgða og án mismununar og mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ráða við þær aðstæður sem er lýst í 1. mgr.
3. Ekkert í þessum kafla skal vera túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðili noti gjaldeyriseftirlit eða gjaldeyristakmarkanir í samræmi við samkomulag um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
4. Samningsaðili, sem gerir ráðstöfun skv. 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Tilkynning samningsaðila í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar eins og fram kemur í 1. mgr. skal teljast jafngild tilkynningu samkvæmt þessum samningi.

#### Gr. 2.22

##### *Skipti á upplýsingum.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir gildi viðskiptaupplýsinga við ítarlega greiningu á áhrifum þessa samnings á viðskipti milli samningsaðilanna. Samningsaðilarnir skulu skiptast reglubundið

á upplýsingum um vöruviðskipti sín á milli. Meðal slíkra upplýsinga skulu einkum vera tölfraðilegar upplýsingar um tollskrártaxta bestukjaramedferðar og innflutning, m.a. sérstakar tölfraðilegar upplýsingar vegna innflutningsfríðinda ef þær liggja fyrir frá öllum samningsaðilum. Undirnefndin um vöruviðskipti skal ákveða málsmeðferðarreglur, eftir því sem við á, vegna skipta á upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein.

2. Samningsaðili skal íhuga beiðni um tæknisamvinnu með hliðsjón af skiptum á upplýsingum skv. 1. mgr. frá öðrum samningsaðila.

#### Gr. 2.23

##### *Undirnefnd um vöruviðskipti.*

1. Undirnefnd um vöruviðskipti (hér á eftir nefnd „undirnefnd“) er hér með komið á fót.
2. Umboð undirnefndarinnar er sett fram í VII. viðauka (Umboð undirnefndarinnar um vöruviðskipti).

### 3. KAFLI

#### **ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI**

##### Gr. 3.1

##### *Gildissvið og umfang.*

1. Þessi kafli á við um þær ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti sem ríkisstjórnir, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld og yfirvöld gera, og einnig óopinberar stofnanir sem fara með vald í umboði ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda.
2. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti, jafnt áætlunarflug sem annað flug, og viðbótarþjónustu, gildir þessi kafli ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugréttindi eða um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugréttinda, að því undanskildu sem kveðið er á um í 3. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti. Að því er þennan kafla varðar skulu skilgreiningarnar í 6. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti gilda og eru hér með felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum.
3. Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að feli í sér skuldbindingar að því er varðar opinber innkaup.

##### Gr. 3.2

##### *Skilgreiningar.*

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) lögaðili er:
  - i. „í eigu“ aðila frá samningsaðila ef meira en 50% af eignarhlut í honum er raunverulega í eigu aðila frá þeim samningsaðila,
  - ii. „undir stjórn“ aðila frá samningsaðila ef þessir aðilar hafa vald til að tilnefna meirihluta stjórnenda eða stjórna starfsemi hans á annan hátt lögum samkvæmt,
  - iii. „tengdur“ öðrum aðila ef hann stjórnar eða honum er stjórnað af þeim aðila eða ef bæði honum og þeim aðila er stjórnað af sama aðila,
- b) „þjónusta sem stjórnvöld veita“: þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grundvelli né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur,
- c) „viðskiptanærvera“: hvers konar viðskipta- eða atvinnustarfsemi, þar á meðal:
  - i. stofnun, kaup á eða áframhaldandi rekstur lögaðila eða
  - ii. stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu á yfirráðasvæði samningsaðila í því skyni að veita þjónustu,
- d) „beinir skattar“: allir skattar af heildartekjum, af heildarfjármagni eða af einstökum liðum tekna eða fjármagns, þ.m.t. skattar á hagnað vegna sölu eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir, skattar af heildarupphæð launa, sem fyrirtæki greiða, svo og skattar af verðmætisaukningu fjármagns,
- e) „lögaðili“: lögaðili sem er, á viðeigandi hátt, stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem hann er í

- einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, einstaklingsfyrirtæki eða samtök,
- f) „lögaðili annars samningsaðila“: lögaðili sem er annaðhvort:
- stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglum fyrrnefnds annars samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti á yferráðasvæði samningsaðila eða
  - ef um ræðir þjónustu, sem er veitt með viðskiptanærveru, er í eigu eða undir stjórn:
    - einstaklinga frá þeim samningsaðila eða
    - lögaðila frá fyrrnefndum samningsaðila sem er tilgreindur skv. i. lið,
- g) „ráðstöfun“: sérhver ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð eða annað,
- h) „ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“ taka til ráðstafana er varða:
- kaup á, greiðslu fyrir eða afnot af þjónustu,
  - aðgang að og afnot af þjónustu, í sambandi við veitingu þjónustu sem þessir samningsaðilar krefjast að almenningi standi almennt til boða,
  - nærveru, þ.m.t. viðskiptanærveru, aðila frá einum samningsaðila vegna þjónustuveitingar á yferráðasvæði annars samningsaðila,
  - „þjónustuveitandi með einkasöluaðstöðu“: hver sá einstaklingur eða lögaðili, í opinbera geiranum eða einkageiranum, sem hefur, á viðkomandi markaði á yferráðasvæði samningsaðila, leyfi hans eða er komið á fót af honum, formlega eða í reynd, til að starfa sem eini veitandi þessarar þjónustu,
- j) „einstaklingur frá öðrum samningsaðila“: einstaklingur sem er, samkvæmt gildandi lögum og reglum þess samningsaðila, ríkisborgari þess samningsaðila sem er búsettur á yferráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,
- k) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,
- l) „svið þjónustu“:
- að því er varðar sérstaka skuldbindingu, eina eða fleiri, eða öll undirsvið þeirrar þjónustu, eins og tilgreint er í skrá samningsaðila,
  - að öðrum kosti þjónustusviðið í heild, þar á meðal öll undirsvið þess,
- m) „þjónusta“: þjónusta á öllum sviðum nema þjónusta sem stjórnvöld veita,
- n) „þjónustuneytandi“: hver sá aðili sem fær eða notar þjónustu,
- o) „þjónusta samningsaðila“: þjónusta sem er veitt:
- frá eða á yferráðasvæði samningsaðila eða, ef um er að ræða sjóflutninga, af skipi sem er skráð samkvæmt lögum og reglum samningsaðila eða af einstaklingi frá samningsaðila, sem veitir þjónustuna með því að gera út skip og/eða nota það að öllu leyti eða að hluta eða
  - af þjónustuveitanda samningsaðila ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru eða nærveru einstaklinga,
- p) „þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir þjónustu,<sup>4</sup>
- q) „veiting þjónustu“: framleiðsla, dreifing, markaðssetning, sala og afhending þjónustu og
- r) „þjónustuviðskipti“: veiting þjónustu:
- frá yferráðasvæði samningsaðila inn á yferráðasvæði annars samningsaðila,
  - á yferráðasvæði eins samningsaðila til þjónustuneytanda annars samningsaðila,
  - af hálfu þjónustuveitanda samningsaðila með viðskiptanærveru á yferráðasvæði annars samningsaðila og
  - af hálfu þjónustuveitanda samningsaðila með nærveru einstaklinga frá þeim samningsaðila á yferráðasvæði annars samningsaðila.

<sup>4</sup> Þessi skilgreining tekur til einstaklinga sem óska eftir að veita þjónustu. Ef lögaðili veitir ekki, eða sækist ekki eftir að veita, þjónustuna beint heldur á grundvelli annars konar viðskiptanærveru, eins og útibús eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögaðilinn) þó fá sömu meðferð vegna þessarar viðskiptanærveru og þjónustuveitendur fá samkvæmt þessum kafla. Slík meðferð skal ná til þeirrar viðskiptanærveru þar sem þjónustan er veitt, eða óskað er eftir að veita hana, og þarf ekki að taka til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yferráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt eða óskað er eftir að veita hana,

## Gr. 3.3

*Bestukjaramedferð.*

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við VII. gr. GATS-samningsins og að því undanskildu sem kveðið er á um í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjaramedferðar sem er að finna í VIII. viðauka (Skrár yfir undanþágur vegna bestukjaramedferðar), þegar í stað og án skilyrða, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila medferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu og þjónustuveitendum aðila sem standa utan samningsins.
2. Medferð, sem er veitt samkvæmt öðrum gildandi eða síðari samningum sem samningsaðili hefur eða mun ganga frá og tilkynna um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.
3. Hafi samningsaðili gert samning af þeirri tegund sem um getur í 2. mgr. skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum um það án tafar. Samningsaðili sem gerir slíkan samning skal, að fram kominni beiðni frá öðrum samningsaðila, veita nægt tækifæri til að semja um að inn í þennan samning verði felld ákvæði um að veita ekki óhagstæðari medferð en veitt er samkvæmt þeim samningi.
4. Að því er þennan kafla varðar skulu ákvæði 3. mgr. II. gr. GATS-samningsins gilda með hliðsjón af réttindum og skyldum samningsaðila viðvíkjandi hagstæðari skilmálum, sem veittir eru aðliggjandi löndum, og eru hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum.

## Gr. 3.4

*Markaðsaðgangur.*

1. Að því er varðar markaðsaðgang eftir þeim þjónustuleiðum sem tilgreindar eru í r-lið gr. 3.2 (Skilgreiningar) skal sérhver samningsaðili veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila eigi óhagstæðari medferð en þá sem kveðið er á um samkvæmt skilmálum, takmörkunum og skilyrðum sem hafa verið samþykkt og tilgreind eru í skrá hans yfir sérstakar skuldbindingar.<sup>5</sup>
2. Á sviðum þar sem gengist hefur verið undir skuldbindingar um markaðsaðgang eru ráðstafanir, sem samningsaðili skal hvorki viðhalda eða samþykkja, hvort heldur er á tilteknum svæðum eða öllu yfirráðasvæði sínu, nema annað sé tilgreint í skrá hans, skilgreindar sem:
  - a) takmarkanir á fjölda þjónustuveitenda, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einkasölu, þjónustuveitendur með einkarétt eða kröfur um könnun á efnahagslegum þörfum,
  - b) takmarkanir á heildarverðmæti þjónustuviðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
  - c) takmarkanir á samanlögðum fjölda tilvika veittrar þjónustu eða á heildarmagni veittrar þjónustu, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,<sup>6</sup>
  - d) takmarkanir á heildarfjölda einstaklinga sem heimilt er að ráða á sérstöku þjónustusviði eða sem þjónustuveitanda er heimilt að ráða og sem eru nauðsynlegir og beinlínis tengdir veitingu sérstakrar þjónustu í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
  - e) ráðstafanir sem takmarka eða útheimta að þjónustuveitandinn hafi á sínum vegum sérstaka lögaðila eða sameiginlegt fyrirtæki sem getur veitt þjónustu fyrir hann og
  - f) takmarkanir á hlutdeild erlends fjármagns settar fram sem hámarkshundraðshluti sem má vera í eigu erlendra hluthafa eða heildarverðmæti einstakra eða samanlagðra, erlendra fjárfestinga.

<sup>5</sup> Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar varðandi markaðsaðgang í tengslum við veitingu þjónustu eftir þjónustuleiðum sem um getur í gr. 3.2 (Skilgreiningar) og ef flutningur fjármagns yfir landamæri er mikilvægur hluti af þjónustunni er hann þar með skuldbundinn til að leyfa slíka fjármagnsflutninga.

<sup>6</sup> Þessi liður tekur ekki til ráðstafana samningsaðila sem takmarka aðföng sem eru notuð við veitingu þjónustu.

## Gr. 3.5

*Innlend meðferð.*

1. Sérhver samningsaðili skal, á þeim sviðum sem eru tilgreind í skrá hans yfir sérstakar skuldbindingar og samkvæmt þeim skilyrðum og hæfiskröfum sem eru settar fram þar, veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustunnar, en hann veitir þegar um er að ræða sambærilega þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.<sup>7</sup>
2. Samningsaðili getur uppfyllt kröfur skv. 1. mgr. með því að veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila meðferð sem er að formi til sams konar eða ólík þeirri sem hann veitir þegar um er að ræða sambærilega þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.
3. Meðferð, sem er að formi til sams konar eða ólík, skal talin óhagstæðari ef hún breytir samkeppnisskilyrðum til hagsbóta fyrir þjónustu eða þjónustuveitendur samningsaðilans miðað við sambærilega þjónustu eða þjónustuveitendur annars samningsaðila.

## Gr. 3.6

*Viðbótarskuldbindingar.*

Samningsaðilum er heimilt að semja um skuldbindingar að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og eru ekki háðar skráningu skv. gr. 3.4 (Markaðsaðgangur) eða gr. 3.5 (Innlend meðferð), þ.m.t. þær ráðstafanir sem varða hæfi, staðla eða leyfisveitingar. Slíkar skuldbindingar skulu færðar í skrá samningsaðila.

## Gr. 3.7

*Innlendar reglur.*

1. Á sviðum, þar sem gengist er undir sérstakar skuldbindingar, skal hver samningsaðili sjá til þess að ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og hafa áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt með eðlilegum, hlutlægum og óhlutdrægum hætti.
2. a) Sérhver samningsaðili skal hafa eða koma á fót, eins fljótt og aðstæður leyfa, dómstólum, gerðardómum, stjórnarsýsludómstólum eða málsmeðferð sem gera ráð fyrir, að beiðni þjónustuveitanda annars samningsaðila sem málið varðar, tafarlausri endurskoðun stjórnarsýsluákvæðana sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og, þar sem það er réttlæt看legt, að gripið verði til viðeigandi úrræða vegna slíkra stjórnarsýsluákvæðana. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni sem tekur viðkomandi stjórnarsýsluákvörðun skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í reynð í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.
- b) Ekki skal túlka ákvæði a-liðar á þann veg að gerð sé krafa um að samningsaðili stofni til dómstóla eða málsmeðferðar af þessu tagi ef það fer í bága við stjórnskipulag eða eðli réttarkerfis hans.
3. Ef samningsaðili krefst leyfis fyrir veitingu þjónustu, sem sérstök skuldbinding gildir um, skulu lögbær yfirlög samningsaðilans tilkynna umsækjandanum, innan hæfilegs tíma, þegar umsókn, sem telst uppfylla innlend lög og reglur samningsaðilans hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirlög samningsaðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án ástæðulausrar tafar.
4. Sérhver samningsaðili skal, á þeim sviðum þar sem gengist er undir sérstakar skuldbindingar, tryggja að ráðstafanir, sem varða kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitingar, séu byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, s.s. hæfni og getu til þess að veita þjónustuna.
5. Við lok marghliða viðræðna um verklagsreglur skv. gr. VI:4 í GATS-samningnum skulu samningsaðilarnir fara yfir málið í þeim tilgangi að ræða viðeigandi breytingar á þessum kafla sem byggjast á niðurstöðum slíkra marghliða viðræðna.
6. a) Á sviðum þar sem samningsaðili hefur gengist undir sérstakar skuldbindingar, á meðan þess er beðið að ákvörðun um upptöku verklagsreglna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar öðlist gildi

<sup>7</sup> Sérstakar skuldbindingar, sem gengið er út frá í þessari grein, skulu ekki túlkaðar þannig að þess verði krafist af samningsaðila að hann bæti upp verri samkeppnisstöðu sem stafar af því að um erlenda þjónustu eða þjónustuveitendur er að ræða.

að því er þessi svið varðar skv. 5. mgr., skal hann ekki beita kröfum og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistöðlum og kröfum og málsmeðferð vegna leyfisveitingar sem gera að engu eða skerða slíkar sérstakar skuldbindingar með þeim hætti sem:

- i. er meira íþyngjandi en nauðsyn krefur til þess að tryggja megi gæði þjónustunnar eða
  - ii. þegar um er að ræða málsmeðferð vegna leyfisveitingar, takmarkar í sjálfu sér veitingu þeirrar þjónustu sem um ræðir.
- b) Þegar ákvarðað er hvort samningsaðili uppfylli skyldu sína samkvæmt a-lið skal taka tillit til þeirra alþjóðlegu staðla viðkomandi alþjóðastofnana<sup>8</sup> sem sá samningsaðili beitir.
7. Sérhver samningsaðili skal kveða á um fullnægjandi málsmeðferð til að sannreyna hæfni fagmanna annarra samningsaðila.

#### Gr. 3.8

##### *Viðurkenning.*

1. Sérhver samningsaðili skal, í því skyni að uppfylla viðeigandi staðla sína eða viðmiðanir um heimildir, leyfi eða skírteini þjónustuveitenda, taka tilhlýðilegt tillit til beiðna annars samningsaðila þess efnis að viðurkenna menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem hafa verið gefin út í landi fyrrnefnds samningsaðila. Heimilt er að byggja slíka viðurkenningu á samningi eða samkomulagi við samningsaðilann sem leggur fram beiðnina eða veita hana einhliða.
2. Viðurkenni samningsaðili, með samningi eða samkomulagi, menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem hafa verið gefin út á yferráðasvæði aðila sem stendur utan samningsins skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila fullnægjandi tækifæri til að semja um sambærilegan samning eða samkomulag. Veiti samningsaðili viðurkenningu einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila fullnægjandi tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem hafa verið gefin út á yferráðasvæði fyrrnefnds samningsaðila.
3. Allir slíkir samningar eða samkomulag eða einhliða viðurkenning skal eða skulu vera í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, einkum 3. mgr. VII. gr. GATS-samningsins.

#### Gr. 3.9

##### *För einstaklinga.*

1. Þessi grein gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og á einstaklinga hjá samningsaðila sem þjónustuveitandi hjá samningsaðila ræður til að veita þjónustu.
2. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði samningsaðila né gildir hann um ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.
3. Einstaklingum, sem falla undir sérstaka skuldbindingu, skal heimilt að veita þá þjónustu sem um ræðir í samræmi við skilmála þeirrar skuldbindingar.
4. Þessi kafli skal ekki koma ekki í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að stýra komu einstaklinga frá öðrum samningsaðila inn á yferráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, meðal annars þeim ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda friðhelgi landamæra sinna og tryggja skipulag á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að geri að engu eða skerði þann ávinning sem samningsaðilar hafa samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.<sup>9</sup>

<sup>8</sup> Hugtakið „viðkomandi alþjóðastofnanir“ vísar til alþjóðastofnana sem viðkomandi stofnunum a.m.k. allra samningsaðila er frjálst að eiga aðild að.

<sup>9</sup> Ekki skal litið svo á að það eitt að krefjast vegabréfsáritunar fyrir einstaklinga geri að engu eða skerði ávinning samkvæmt sérstakri skuldbindingu.



## Gr. 3.10

*Gagnsæi.*

1. Sérhver samningsaðili skal birta þegar í stað og eigi síðar en við gildistöku, nema um neyðartilvik sé að ræða, allar viðeigandi ráðstafanir sem hafa almennt gildi og varða eða hafa áhrif á framkvæmd þessa kafla. Einnig skal birta alþjóðasamninga sem samningsaðili hefur undirritað og varða eða hafa áhrif á þjónustuviðskipti.
2. Ef birting, sem um getur í 1. mgr., er ekki framkvæmanleg skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi á annan hátt.
3. Ekkert í þessum kafla leggur samningsaðila þær skyldur á herðar að veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt almannahagsmunum eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna opinberra eða einkarekinna fyrirtækja.
4. Sérhver samningsaðili skal gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem annar samningsaðili sendir enda hafi sá samningsaðili sem þær sendir auðkennt þær sem trúnaðarmál.

## Gr. 3.11

*Einkasöluaðstaða og þjónustuveitendur með einkarétt.*

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að þjónustuveitandi, sem hefur einkasöluaðstöðu til að veita þjónustu á yfirráðasvæði hans, starfi ekki, þegar hann veitir þjónustuna sem einkasöluaðstaðan gildir um á viðkomandi markaði, í ósamræmi við skuldbindingar þess samningsaðila skv. gr. 3.3 (Bestukjarameðferð) og sérstakar skuldbindingar hans.
2. Ef þjónustuveitandi samningsaðila sem hefur einkasöluaðstöðu keppir, annaðhvort beint eða í gegnum eignatengd fyrirtæki, um að veita þjónustu utan þess sviðs, sem hann hefur einkasöluaðstöðu á, og þjónustan fellur undir sérstakar skuldbindingar þess samningsaðila skal samningsaðilinn sjá til þess að slíkur þjónustuveitandi misnoti ekki einkasöluaðstöðu sína til þess að athafna sig á yfirráðasvæði samningsaðilans með þeim hætti að brjóti í bága við þær skuldbindingar.
3. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þjónustuveitendur með einkarétt ef samningsaðili, að formi til eða í reynd:
  - a) veitir heimild fyrir eða setur á fót lítinn hóp þjónustuveitenda og
  - b) kemur raunverulega í veg fyrir samkeppni milli þessara þjónustuveitenda á yfirráðasvæði sínu.

## Gr. 3.12

*Viðskiptahættir.*

1. Samningsaðilarnir viðurkenna að tilteknir viðskiptahættir þjónustuveitenda, aðrir en þeir sem falla undir gr. 3.11 (Einkasöluaðstaða og þjónustuveitendur með einkarétt), geta hindrað samkeppni og þannig takmarkað þjónustuviðskipti.
2. Sérhver samningsaðili skal, að beiðni einhvers annars samningsaðila, hefja samráð með það fyrir augum að koma í veg fyrir þá viðskiptahætti sem um getur í 1. mgr. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal taka slíka beiðni til gagn Gerrar og vinsamlegrar athugunar og hefja samstarf með því að veita opinberar upplýsingar sem eru ekki bundnar trúnaði og varða það málefni sem um ræðir. Sá samningsaðili sem beiðninni er beint til skal einnig veita þeim samningsaðila sem leitar eftir samráði aðrar tiltækar upplýsingar, með fyrirvara um landslög sín og reglur og um fullnægjandi samkomulag um tryggingu fyrir því að trúnaðar verði gætt um upplýsingarnar af hálfu þess samningsaðila sem leitar eftir samráði.

## Gr. 3.13

*Greiðslur og yfirfærslur.*

1. Með fyrirvara um sérstakar skuldbindingar hans og að frátöldum þeim aðstæðum sem um getur í gr. 3.14 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) skal enginn samningsaðili setja takmarkanir á yfirfærslur og greiðslur milli ríkja í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samkomulaginu um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar á meðal ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem

eru í samræmi við samkomulagið um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem samrýmast ekki sérstökum skuldbindingum hans nema skv. gr. 3.14 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Gr. 3.14

*Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.*

Að því er þennan kafla varðar gilda 1.-3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins og eru hér með felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum.

Gr. 3.15

*Samráð um framkvæmd.*

Ef upp koma erfiðleikar í kjölfar gildistöku þessa samnings í þjónustugeira samningsaðila sem hefur gengist undir sérstaka skuldbindingu er honum heimilt að fara fram á samráð við aðra samningsaðila, óháð því hvort rekja megi þessa erfiðleika til aukins frelsis eða ekki, í þeim tilgangi að skiptast á upplýsingum, gögnum eða reynslu eða skiptast á skoðunum um mögulegar leiðir og aðferðir til að takast á við slíka erfiðleika, með hliðsjón af ríkjandi aðstæðum.

Gr. 3.16

*Almennar undantekningar.*

Með fyrirvara um þá kröfu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun milli samningsaðilanna þar sem aðstæður eru sambærilegar eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum skal ekkert í þessum kafla túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða beiti ráðstöfunum:

- a) sem eru nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu<sup>10</sup>,
- b) sem eru nauðsynlegar til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna,
- c) sem eru nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að innlendum lögum og reglum sem eru ekki ósamrýmanleg ákvæðum þessa kafla, þ.m.t. ákvæðum sem tengjast:
  - i. því að koma í veg fyrir villandi og sviksamlega viðskiptahætti eða bregðast við vanefndum á þjónustusamningum,
  - ii. því að vernda friðhelgi einstaklingsins í tengslum við vinnslu og dreifingu persónuupplýsinga og fara með persónulegar skrár og reikninga sem trúnaðarmál,
  - iii. öryggi,
- d) sem eru ekki í samræmi við gr. 3.5 (Innlend meðferð), að því tilskildu að þegar ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar<sup>11</sup> álögur eða innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur hinna samningsaðilanna,

<sup>10</sup> Aðeins má beita undanþágu á grundvelli allsherjarreglu ef um er að ræða raunverulega og nægilega alvarlega ógnun við grundvallarhagsmuni þjóðfélagsins.

<sup>11</sup> Ráðstafanir, sem miða að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta, taka til ráðstafana sem samningsaðili gerir samkvæmt skattakerfi sínu og:

- i. gilda um þjónustuveitendur, sem eru ekki búsettir í landinu, til viðurkenningar á því að skattskylda þeirra sem eru ekki búsettir í landinu er ákvörðuð í tengslum við skattskylda þætti sem eiga uppruna sinn að rekja til eða eru notaðir á yfirráðasvæði samningsaðila eða
- ii. gilda um þá sem ekki eru búsettir í landinu til að tryggja álagningu eða innheimtu skatta á yfirráðasvæði samningsaðila eða
- iii. gilda um þá sem eru ekki búsettir í landinu eða þá sem þar eru búsettir til að koma í veg fyrir skattundanskot eða skattsvik, þ.m.t. ráðstafanir um að skyldur séu uppfylltar, eða
- iv. gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars samningsaðila, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum eða
- v. greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af þáttum sem eru skattskyldir á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra eða
- vi. ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn samningsaðilans.

- e) sem eru ekki í samræmi við gr. 3.3 (Bestukjarameðferð), að því tilskildu að ólík meðferð sé til komin vegna samnings til að komast hjá tvísköttun eða ákvæða til að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem samningsaðilinn er bundinn af.

## Gr. 3.17

*Undanþágur af öryggisástandum.*

Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:

- a) að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar ef hann telur það andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að láta þær af hendi,
- b) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
  - i. varðandi þjónustu sem er veitt, beint eða óbeint, í þeim tilgangi að birgja upp herstöðvar,
  - ii. varðandi kjarnakleyf efni og kjarnasamrunaefni eða efni sem þau eru unnin úr,
  - iii. á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum eða
- c) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili grípi til ráðstafana í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

## Gr. 3.18

*Skrár yfir sérstakar skuldbindingar.*

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann gengst undir skv. gr. 3.4 (Markaðsaðgangur), gr. 3.5 (Innlend meðferð) og gr. 3.6 (Viðbótarskuldbindingar). Tilgreina skal eftirfarandi í sérhverri skrá að því er varðar svið þar sem gengist er undir fyrirnefndar skuldbindingar:
  - a) skilmála, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
  - b) skilyrði og hæfiskröfur vegna innlendrar meðferðar,
  - c) samþykktir varðandi viðbótarskuldbindingar sem um getur í gr. 3.6 (Viðbótarskuldbindingar) og
  - d) tímamörk fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga og gildistökudag slíkra skuldbindinga, eftir því sem við á.
2. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar gr. 3.4 (Markaðsaðgangur) og gr. 3.5 (Innlend meðferð), skulu skráðar í dálkinn sem á við gr. 3.4 (Markaðsaðgangur). Litið verður svo á að skráningin merki einnig skilyrði eða forsendu sem á við gr. 3.5 (Innlend meðferð).
3. Skrár samningsaðilanna yfir sérstakar skuldbindingar eru settar fram í XII. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).

## Gr. 3.19

*Breytingar á skrá.*

1. Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni samningsaðila, hafa með sér samráð til að fjalla um breytingar á sérstakri skuldbindingu eða afturköllun hennar í skrá samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, yfir sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal fara fram innan þriggja mánaða frá viðtökudegi beiðninnar.
2. Þegar slíkt samráð fer fram skulu samningsaðilarnir stefna að því að tryggja að viðhaldið verði almennu stigi skuldbindinga sem aðilar hafa gagnkvæman hag af og eru ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem kveðið var á um í skránni yfir sérstakar skuldbindingar áður en samráðið hófst. Breytingar á skrá yfir sérstakar skuldbindingar eru með fyrirvara um þá málsméðferð sem fjallað er um í gr. 10.1 (Sameiginlega nefndin) og gr. 12.2 (Breytingar).

## Gr. 3.20

*Endurskoðun.*

Í því skyni að auka enn frekar frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli skulu samningsaðilar endurskoða á a.m.k. þriggja ára fresti, eða oftár ef samkomulag næst um það, skrár sínar yfir sérstakar skuldbindingar og skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar, einkum með tilliti til sjálfstæðra ráðstafana til að auka frelsi og til yfirstandandi starfs á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fyrsta endurskoðun af því tagi skal fara fram eigi síðar en fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

## Gr. 3.21

*Viðaukar.*

Eftirfarandi viðaukar eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla:

- VIII. viðauki (Skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
- IX. viðauki (För einstaklinga sem veita þjónustu),
- X. viðauki (Viðurkenning á menntun og hæfi þjónustuveitenda),
- XI. viðauki (Viðurkenning á útgáfu skirteina sem votta hæfni og þjálfun farmanna til þjónustu um borð í skipum sem eru skráð í Sviss),
- XII. viðauki (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar),
- XIII. viðauki (Fjarskiptaþjónusta),
- XIV. viðauki (Fjármálaþjónusta) og
- XV. viðauki (Ferðaþjónusta og ferðatengd þjónusta).

## 4. KAFLI

**FJÁRFESTINGAR**

## Gr. 4.1

*Gildissvið og umfang.*

1. Þessi kafli gildir um viðskiptanærveru á öllum sviðum, að undanskildum þjónustusviðum eins og fram kemur í gr. 3.1 (Gildissvið og umfang).<sup>12</sup>
2. Þessi kafli felur ekki í sér fjárfestingarvernd og skal vera með fyrirvara um túlkun eða beitingu annarra milliríkjasamninga sem varða fjárfestingar eða skattlagningu og eitt eða fleiri EFTA-ríki og Indónesía eru aðilar að.
3. Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að það feli í sér skuldbindingar að því er varðar opinber innkaup.

## Gr. 4.2

*Skilgreiningar.*

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „lögaðili“ merkir lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem hann er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélag, sameignarfélag, fyrirtæki um sameiginlegt verk-efni, einstaklingsfyrirtæki eða samtök,
- b) „lögaðili samningsaðila“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt viðeigandi lögum og reglum samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti hjá þeim samningsaðila,
- c) „einstaklingur“: einstaklingur sem er ríkisborgari hjá samningsaðila í samræmi við gildandi lög og reglur,
- d) „viðskiptanærvera“ merkir hvers konar viðskiptastarfsemi, meðal annars með:
  - i. stofnun, kaupum á eða áframhaldandi rekstri lögaðila eða
  - ii. stofnun eða áframhaldandi rekstri útibús eða umboðsskrifstofu á yfirráðasvæði annars samningsaðila í því skyni að stunda atvinnustarfsemi.

<sup>12</sup> Litið er svo á að þjónusta, sem er sérstaklega undanþegin gildissviði 3. kafla (Þjónustuviðskipti), falli ekki undir gildissvið þessa kafla.

## Gr. 4.3

*Efling fjárfestinga.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi samstarfs til að efla flæði fjárfestinga og tækni í því skyni að auka hagvöxt og þróun með skilvirkum leiðum sem byggjast á sameiginlegum hagsmunum og gagnkvæmum ávinningi.
2. Samstarfið, sem um getur í 1. mgr., getur falið í sér:
  - a) greiningu fjárfestingatækifæra og starfsemi til að efla fjárfestingar erlendis, einkum samvinnu milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
  - b) skipti á upplýsingum um fjárfestingarreglur og
  - c) þróun fjárfestingarumhverfis sem stuðlar að auknu flæði fjárfestinga.

## Gr. 4.4

*Innlend meðferð.*

Sérhver samningsaðili skal, á þeim sviðum sem eru tilgreind í XVI. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar) og með fyrirvara um skilyrði og hæfiskröfur sem eru settar fram þar, veita lögaðilum og einstaklingum annars samningsaðila og viðskiptanæveru þeirra meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem hann veitir, í sambærilegum tilvikum, eigin lögaðilum, einstaklingum og viðskiptanæveru þeirra á yfirráðasvæði sínu.

## Gr. 4.5

*Skrár yfir sérstakar skuldbindingar.*

Þau svið, sem fá aukið frelsi hjá hverjum samningsaðila samkvæmt þessum kafla, og þau skilyrði og þær hæfiskröfur, sem um getur í gr. 4.4 (Innlend meðferð), eru sett fram í skrár yfir sérstakar skuldbindingar í XVI. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).

## Gr. 4.6

*Breytingar á skrár.*

1. Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni samningsaðila, hafa með sér samráð til að fjalla um breytingar á sérstakri skuldbindingu eða afturköllun hennar í skrá samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, yfir sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal fara fram innan þriggja mánaða frá viðtökudegi beiðninnar.
2. Þegar slíkt samráð fer fram skulu samningsaðilarnir stefna að því að tryggja að viðhaldið verði almennu stigi skuldbindinga sem aðilar hafa gagnkvæman hag af og eru ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem kveðið var á um í skránni yfir sérstakar skuldbindingar áður en samráðið hófst. Breytingar á skrár yfir sérstakar skuldbindingar eru með fyrirvara um þá málsmeðferð sem fjallað er um í gr. 10.1 (Sameiginlega nefndin) og gr. 12.2 (Breytingar).

## Gr. 4.7

*Lykilstarfsmenn.*

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, veita einstaklingum annars samningsaðila og lykilstarfsmönnum, sem starfa hjá einstaklingum eða lögaðilum annars samningsaðila, leyfi til komu og tímabundinnar dvalar á yfirráðasvæði sínu í því skyni að stunda starfsemi sem tengist viðskiptanæveru, m.a. veita ráðgjöf eða mikilvæga tækniþjónustu.
2. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, heimila einstaklingum eða lögaðilum annars samningsaðila, ásamt viðskiptanæveru þeirra, að ráða til sín, í tengslum við viðskiptanæveruna og að eigin vali þess einstaklings eða lögaðila, lykilstarfsmenn óháð þjóðerni og ríkisfangi, að því tilskildu að þessum lykilstarfsmönnum hafi verið heimiluð koma, dvöl og atvinna á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé í samræmi við þá skilmála, skilyrði og tímamörk sem felast í þeirri heimild sem er veitt fyrrnefndum lykilstarfsmönnum.
3. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita tímabundið leyfi til komu og dvalar og útvega nauðsynleg skjöl fyrir maka og ólöggráða börn lykilstarfsmanna.

## Gr. 4.8

*Réttur til reglusetningar.*

1. Samningsaðila er heimilt, með fyrirvara um ákvæði þessa kafla, að samþykkja, viðhalda eða framfylgja, án mismununar, hverri þeirri ráðstöfun sem þjónar almannahagsmunum, m.a. ráðstöfunum til að koma til móts við heilsufars-, öryggis- eða umhverfissjónarmið eða eðlilegum varúðar-ráðstöfunum.
2. Samningsaðili ætti hvorki að falla eða víkja að öðru leyti frá, né bjóðast til að falla eða víkja að öðru leyti frá, ráðstöfunum til að koma til móts við heilsufars-, öryggis- eða umhverfissjónarmið í því skyni að hvetja til þess að stofnað verði til viðskiptanærveru aðila frá öðrum samningsaðila eða aðila sem standur utan samningsins, að hennar sé aflað, hún færð út eða henni viðhaldið á yfirráðasvæði hans.

## Gr. 4.9

*Greiðslur og yfirfærslur.*

1. Að frátöldum þeim aðstæðum sem um getur í gr. 4.10 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) skal enginn samningsaðili setja takmarkanir á gengar greiðslur og fjármagnsflutninga í tengslum við viðskiptanærveru sem ekki er á þjónustusviði.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, m.a. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við það greinar þess samnings, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem samrýmast ekki skyldum hans samkvæmt þessum kafla.

## Gr. 4.10

*Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.*

Að því er þennan kafla varðar gilda 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins og eru hér með felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

## Gr. 4.11

*Almennar undantekningar.*

Að því er þennan kafla varðar gildir XIV. gr. GATS-samningsins og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

## Gr. 4.12

*Undanþágur af öryggisástæðum.*

Að því er þennan kafla varðar gildir 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

## Gr. 4.13

*Endurskoðun.*

Þennan kafla skal endurskoða reglulega innan sameiginlegu nefndarinnar með tilliti til möguleika á að þróa enn frekar skuldbindingar samningsaðilanna.

## 5. KAFLI

**VERND HUGVERKA**

## Gr. 5

*Vernd hugverka.*

1. Samningsaðilarnir skulu veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar og gera ráð fyrir ráðstöfunum til að framfylgja þeim réttindum gegn brotum á þeim, m.a. fölsun og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla, XVII. viðauka (Vernd hugverka) og bókun um samkomulag varðandi einkaleyfi og þá alþjóðasamninga sem þar er getið.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hver annars óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði 3. og

5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn“).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hver annars óhagstæðari meðferð en veitt er ríkisborgurum aðila sem stendur utan samningsins. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði TRIPS-samningsins.
4. Ef samningsaðili gerir viðskiptasamning, sem felur í sér ákvæði um vernd hugverkaréttinda, við aðila sem stendur utan þessa samnings, sem tilkynna verður um skv. XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994, skal hann einnig tilkynna hinum samningsaðilunum um það og ekki veita þeim óhagstæðari meðferð en hann veitir samkvæmt slíkum samningi. Samningsaðili sem gerir slíkan samning skal, að fram kominni beiðni frá öðrum samningsaðila, semja um að fella inn í þennan samning ákvæði um að veita ekki óhagstæðari meðferð en veitt er samkvæmt þeim samningi.
5. Samningsaðilarnir skulu, að fram kominni beiðni samningsaðila til sameiginlegu nefndarinnar, endurskoða ákvæði þessa kafla og XVII. viðauka (Vernd hugverka), með það í huga m.a. að þróa enn frekar fullnægjandi vernd og framkvæmd.

## 6. KAFLI OPINBER INNKAUP

### Gr. 6.1

#### *Gagnsæi.*

- Samningsaðilarnir skulu efla sameiginlegan skilning sinn á lögum hver annars og reglum um opinber innkaup í tengslum við innkaupamarkaði þeirra hvers um sig.
- Sérhver samningsaðili skal birta lög sín eða veita almenningi með öðrum hætti aðgang að lögum sínum, reglum og stjórnsýsluúrskurðum, sem hafa almennt gildi, einnig að viðkomandi alþjóða-samningum sem hann á aðild að og haft gætu áhrif á markaði hans fyrir opinber innkaup.
- Sérhver samningsaðili skal þegar í stað svara sértækum spurningum og veita öðrum samningsaðila umbeðnar upplýsingar um þau málefni sem um getur í 2. mgr.

### Gr. 6.2

#### *Frekari samningaviðræður.*

Samningsaðilarnir skulu þegar í stað tilkynna hver öðrum um það ef þeir ganga til samninga við aðila sem stendur utan samnings um að veita aðgang að markaði fyrir opinber innkaup og skulu, að fram kominni beiðni frá öðrum samningsaðila, hefja viðræður um aðgang að markaði fyrir opinber innkaup.

### Gr. 6.3

#### *Tengiliðir.*

- Greiða skal fyrir upplýsingaskiptum og samstarfi fyrir milligöngu eftirtalinna tengiliða:
  - a) að því er EFTA varðar, skrifstofu EFTA og
  - b) að því er Indónesíu varðar, landsstofnunar opinberra innkaupa (NPPA).
- Sérhver samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilunum um breytingar varðandi tengiliði sína.

### Gr. 6.4

#### *Lausn deilumála.*

- Samningsaðilarnir geta ekki nýtt sér málsmeðferð við lausn deilumála skv. 11. kafla (Lausn deilumála) vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla.
- Samningsaðilarnir samþykkja að ganga til viðræðna um beitingu 11. kafla (Lausn deilumála) gagnvart nýjum greinum í tengslum við gr. 6.2 (Frekari samningaviðræður).

## 7. KAFLI SAMKEPPNI

### Gr. 7.1

#### *Reglur um samkeppni fyrirtækja.*

- Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að samkeppnishamlandi starfshættir gætu grafið undan ávinningi af efnahagslegri samvinnu sem leiðir af þessum samningi. Eftirfarandi starfshættir fyrirtækja samrýmast ekki rétttri framkvæmd samnings þessa að svo miklu leyti sem þeir kunna að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna:
  - samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja sem miða að því eða verða þess valdandi að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni og
  - misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu á yfirráðasvæði samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þess.
- Samningsaðilarnir skulu beita lögum sínum og reglum í því skyni að fordæma þá starfshætti sem lýst er í 1. mgr., í samræmi við meginreglur um gagnsæi, bann við mismunun og sanngjarna málsmeðferð.
- Réttindi og skyldur samkvæmt þessum kafla skulu aðeins gilda milli samningsaðilanna.

### Gr. 7.2

#### *Ríkisfyrirtæki, fyrirtæki sem njóta sér- og einkaréttar og tilnefndir aðilar með einkasöluaðstöðu.*

- Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að það komi í veg fyrir að samningsaðili geti komið á fót eða viðhaldið ríkisfyrirtækjum, fyrirtækjum sem njóta sér- eða einkaréttar eða tilnefndum aðilum með einkasöluaðstöðu.
- Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að ríkisfyrirtæki, fyrirtæki með sér- eða einkarétt og tilnefndir aðilar með einkasöluaðstöðu samþykki ekki eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum sem hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna að því marki sem beiting þessa ákvæðis hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru falin.

### Gr. 7.3

#### *Samstarf.*

- Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi almenns samstarfs á sviði stefnu í samkeppnismálum. Samningsaðilarnir geta haft með sér samstarf um skipti á upplýsingum er varða mótun stefnu í samkeppnismálum, með fyrirvara um lög þeirra og reglur og fyrirliggjandi tilföng. Samningsaðilarnir geta haft með sér slíkt samstarf fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda sinna.
- Þeir samningsaðilar sem hlut eiga að máli skulu starfa saman þegar þeir fást við samkeppnishamlandi starfshætti eins og þeim er lýst í 1. mgr. í gr. 7.1 (Reglur um samkeppni fyrirtækja). Samstarf getur falist í skiptum á viðeigandi upplýsingum sem samningsaðilunum eru tiltækar. Þess er ekki krafist að samningsaðili veiti upplýsingar sem eru bundnar trúnaði samkvæmt lögum hans og reglum.

### Gr. 7.4

#### *Samráð.*

Samningsaðilarnir geta haft með sér samráð um málefni sem varða samkeppnishamlandi starfshætti og skaðleg áhrif þeirra á viðskipti. Samráðið skal vera með fyrirvara um sjálfræði sérhvers samningsaðila til að þróa, viðhalda og framkvæma sín eigin samkeppnislög og -reglur.

### Gr. 7.5

#### *Lausn deilumála.*

Samningsaðilarnir geta ekki nýtt sér málsmeðferð við lausn deilumála skv. 11. kafla (Lausn deilumála) vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla.



## 8. KAFLI VIÐSKIPTI OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

### Gr. 8.1

#### *Samhengi, markmið og gildissvið.*

1. Samningsaðilarnir minnst yfirlýsingar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins frá 1972, Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun frá 1992, framkvæmdaáætlunar 21 um umhverfi og þróun frá 1992, Jóhannesborgaráætlunarinnar um sjálfbæra þróun frá 2002, niðurstöðuskýrslu Ríó+20-ráðstefnunnar „Sú framtíð sem við óskum okkur“ frá 2012, niðurstöðuskýrslu leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun „Umbreyting heimsins: Áætlun um sjálfbæra þróun til ársins 2030“ frá 2015, Monterrey-samkomulags alþjóðaráðstefnunnar um fjármögnun þróunar frá 2002, Doha-yfirlýsingarinnar um fjármögnun þróunar frá 2008 og Addis Ababa-aðgerðaráætlunarinnar frá 2015, yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarreglur og -réttindi við vinnu og eftirfylgni hennar frá 1998, ráðherra-yfirlýsingar Efnahags- og félagsmálaráðs SP um atvinnu fyrir alla og mannsæmandi störf frá 2006 og yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008.
2. Samningsaðilarnir áréttu þá skuldbindingu sína að stuðla að þróun alþjóðaviðskipta með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og að fella það markmið inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna þannig að það endurspeglar í þeim.
3. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að efnahagsþróun, félagsleg þróun og umhverfisvernd eru víxl tengdir þættir sjálfbærrar þróunar sem styðja hver við annan. Þeir leggja áherslu á þann ávinning sem felst í samstarfi um viðskiptatengd vinnu- og umhverfismál sem lið í heildrænni aðkomu að viðskiptum og sjálfbærri þróun. Þeir gera sér enn fremur grein fyrir því að útrýming fátæktar er ómissandi forsenda sjálfbærrar þróunar og að viðskipti geta verið þungamiðja í hagvexti og í því að draga úr fátækt í þágu allra.
4. Samningsaðilarnir eru því sammála að í þessum kafla felist samstarfsaðferð sem byggist á sameiginlegum gildum og hagsmunamálum, þar sem tekið er tillit til mismunandi þróunarstigs þeirra, eftir því sem við á.
5. Samningsaðilarnir eru sammála um að ekki skuli beita ákvæðum þessa kafla með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætianlega mismunun eða duldar takmarkanir í viðskiptum milli samningsaðilanna.
6. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla á hann við um viðskipta- og fjárfestingatengda þætti sjálfbærrar þróunar í öllum sínum myndum.
7. Vísunin til vinnu í þessum kafla tekur til markmiðsins um að efla sjálfbæran hagvöxt fyrir alla, vinnu og mannsæmandi störf fyrir alla eins og kveðið er á um í markmiði 8 í áætluninni um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og málefni er varða framkvæmdaráætlunina um mannsæmandi störf eins og hún var samþykkt innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

### Gr. 8.2

#### *Réttur til reglusetningar og umfang verndar.*

1. Sérhver samningsaðili skal leitast við, þegar hann viðurkennir rétt sérhvers samningsaðila, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, til að ákveða eigin leiðir til sjálfbærrar þróunar, m.a. að ákveða umfang verndar á sviði vinnu og umhverfis og samþykkja eða breyta lögum sínum og stefnumiðum til samræmis við það, að tryggja að lög hans og stefnumið kveði á um og hvetji til umfangmikillar umhverfis- og vinnuverndar sem samrýmist stöðlum, meginreglum og samningum sem hann er bundinn af eða aðili að og skal leggja sig fram um að efla enn frekar þá vernd sem fyrrnefnd lög og stefnumið kveða á um.
2. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi vísindalegra upplýsinga, tækniupplýsinga og annarra upplýsinga og viðeigandi alþjóðlegra staðla, leiðbeininga og tilmæla við undirbúning og framkvæmd ráðstafana í tengslum við þau umhverfis- og atvinnuskilyrði sem hafa áhrif á viðskipti og fjárfestingar milli þeirra.

## Gr. 8.3

*Viðhald verndar við beitingu og framfylgd laga, reglna eða staðla.*

1. Samningsaðilarnir skulu beita lögum, reglum eða stöðlum á sviði umhverfis- og vinnumála með skilvirkum hætti.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki, með fyrirvara um gr. 8.2 (Réttur til reglusetningar og umfang verndar):
  - a) veikja eða draga úr þeirri umhverfis- eða vinnuvernd, sem landslög hans, reglur eða staðlar mæla fyrir um, í þeim eina tilgangi að hvetja til fjárfestinga frá öðrum samningsaðila eða að leita eftir eða auka samkeppnisforskot framleiðenda eða þjónustuveitenda sem stunda rekstur á yfirráðasvæði hans eða
  - b) fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti eða bjóðast til að fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti landslögum sínum, reglum eða stöðlum í þeim tilgangi að hvetja til fjárfestinga frá öðrum samningsaðila eða að leita eftir eða auka samkeppnisforskot framleiðenda eða þjónustuveitenda sem stunda rekstur á yfirráðasvæði hans.

## Gr. 8.4

*Sjálfbær efnahagsþróun.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að viðskipti eru þungamiðja í hagvexti fyrir alla og við að draga úr fátækt og stuðla að sjálfbærri þróun í öllum sínum myndum.
2. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að greiða fyrir og ýta undir fjárfestingu, viðskipti með og útbreiðslu á vörum og þjónustu, sem stuðla að sjálfbærri þróun, m.a. umhverfistækni, sjálfbærri endurnýjanlegri orku og vörum og þjónustu sem eru orkunýtnar eða falla undir valfrjálsar áætlanir um sjálfbærni.
3. Samningsaðilarnir samþykkja að skiptast á skoðunum og kunna að taka til athugunar sameiginlega eða tvíhliða samvinnu á þessu sviði.

## Gr. 8.5

*Félagsleg þróun.*

1. Samningsaðilarnir vísa til þeirra skuldbindinga sem leiðir af alþjóðlegum gerningum um mannréttindi sem þeir eiga aðild að.
2. Samningsaðilarnir leggja áherslu á að nauðsynlegt er að verja velferð og bæta lífsviðurværi viðkvæmra hópa, t.d. kvenna, barna, smábænda, bænda sem stunda sjálfsþurftarþúskap og sjómanna.
3. Samningsaðilarnir leggja áherslu á mikilvægi upplýsinga, menntunar og þjálfunar á sviði sjálfbærni á öllum stigum til þess að stuðla að sjálfbærri félagslegri þróun.

## Gr. 8.6

*Alþjóðlegar reglur og samningar á sviði vinnumála.*

1. Samningsaðilarnir vísa til þeirra skyldna sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnnumálastofnuninni og af yfirlýsingu Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og -réttindi við vinnu og eftirfylgni hennar sem var samþykkt á 86. Alþjóðavinnnumálaþinginu árið 1998, þ.e. að virða, halda fram og framkvæma meginreglur um grundvallarréttindi, nánar tiltekið um:
  - a) félagafrelsi og viðurkenningu í reynd á réttinum til að gera kjarasamninga,
  - b) að útrýma nauðungarvinnu í hvaða mynd sem er,
  - c) að afnema barnavinnu með virkum hætti og
  - d) að útrýma misrétti með tilliti til atvinnu og starfa.
2. Samningsaðilarnir árétta þá skuldbindingu sína, samkvæmt markmiði 8 um sjálfbæra þróun og í ráðherraýfirlýsingu efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna frá 2006 um atvinnu fyrir alla og mannsæmandi störf, að viðurkenna mikilvægi arðbærrar atvinnu fyrir alla og mannsæmandi starfa fyrir alla sem meginþátt sjálfbærrar þróunar fyrir öll lönd og sem forgangsmarkmið samvinnu ríkja í milli og að ýta undir þróun alþjóðaviðskipta þannig að stuðli að arðbærri atvinnu og mannsæmandi störfum fyrir alla.
3. Samningsaðilarnir vísa til skuldbindinga, sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnnumálastofnuninni, um að framkvæma með skilvirkum hætti þær samþykktir Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar sem

þeir hafa fullgilt og um að vinna áfram að því að fullgilda grunnsamþykktir Alþjóðavinnnumála-stofnunarinnar og aðrar samþykktir sem hún hefur flokkað sem uppfærðar.

4. Samningsaðilarnir áréttu, eins og kemur fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar, sem var samþykkt á 97. samkomu Alþjóðavinnnumálaþingsins árið 2008, að ekki skuli skírskota til brota á grundvallarreglum og -réttindum við vinnu eða notfæra sér slík brot með öðrum hætti sem réttmæta hlutfallslega yfirburði og að ekki skuli nota reglur á sviði vinnumála sem verndarstefnu í viðskiptum.

#### Gr. 8.7

##### *Marghliða umhverfissamningar og meginreglur um umhverfismál.*

1. Samningsaðilarnir áréttu þá skuldbindingu sína að innleiða með skilvirkum hætti í landslög sín, reglur og starfshætti þá marghliða samninga um umhverfismál sem þeir eru aðilar að.
2. Samningsaðilarnir áréttu að þeir fara að meginreglum um umhverfismál sem felast í þeim alþjóðlegu gerningum sem um getur í gr. 8.1 (Samhengi, markmið og gildissvið).

#### Gr. 8.8

##### *Sjálfbær skógarstjórnun og tengd viðskipti.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi skilvirkra laga og stjórnunarháttu til þess að tryggja sjálfbæra stjórnun skóga og mómýra og stuðla þannig að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda og tapi líffræðilegrar fjölbreytni sem leiðir af skógeyðingu og hnignun náttúrulegra skóga og mómýra, m.a. af völdum breyttrar landnotkunar.
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri stjórnun skóga og mómýra, m.a. með því að efla viðskipti með afurðir úr skógum sem er stjórnað með sjálfbærum hætti, m.a. til þess að:
  - a) stuðla að því að skilvirkri notkun samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES),
  - b) stuðla að þróun og notkun vottunarkerfa vegna afurða úr skógum sem er stjórnað með sjálfbærum hætti,
  - c) stuðla að skilvirkri framkvæmd og notkun kerfis til að tryggja lögmæti timburs eins og krafist er í samstarfssamningnum um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum og samsvarandi kerfa með það að markmiði að berjast gegn ólöglegu skógarhöggi og koma í veg fyrir verslun með ólöglegar timburafurðir og
  - d) skiptast á upplýsingum um viðskiptatengd framtaksverkefni um skógarstjórnun, m.a. ráðstafanir til að berjast gegn ólöglegu skógarhöggi og ráðstafanir til að útiloka úr viðskiptaflæði timbur og timburafurðir sem er til komið með ólögmetum hætti.
3. Samningsaðilarnir samþykkja að starfa saman að málefnum er varða sjálfbæra stjórnun skóga og mómýra á grundvelli tvíhliða fyrirkomulags, ef við á, og á viðeigandi marghliða vettvangi sem þeir taka þátt í, einkum samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna um að draga úr losun vegna skógeyðingar og hnignunar skóga (Reducing Emissions from Deforestation and Forest Degradation (REDD+)), eins og áhersla er lögð á í Parísarsamningnum.

#### Gr. 8.9

##### *Sjálfbær stjórnun fiskveiða og lagareldis og tengd viðskipti.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja varðveislu og sjálfbæra stjórnun lifandi sjávarauðlinda og vistkerfa sjávar og hlutverki viðskipta við að ná þessum markmiðum.
2. Að því er 1. mgr. varðar skuldbinda samningsaðilarnir sig, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, til að:
  - a) stuðla að framkvæmd heildstæðra, árangursríkra og gagnsærra stefna og ráðstafana til að berjast gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum (hér eftir nefndar „veiðar utan laga“ (e. IUU)) og fiskveiðibrotum og til að útiloka afurðir sem tengjast veiðum utan laga, fiskveiðibrotum, nauðungarvinnu eða mansali frá viðskiptaflæði, m.a. frá þriðju aðilum, inn á markaði þeirra,
  - b) stuðla að þróun sjálfbærs og ábyrgs lagareldis,

- c) stuðla að því að notaðar verði valfrjálsar viðmiðunarreglur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um aflaskráningarkerfi og
  - d) leggja sitt af mörkum til að hægt verði að ná markmiðum áætlunarinnar um sjálfbæra þróun til ársins 2030 varðandi niðurgreiðslur í sjávarútvegi.
3. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að fara að ráðstöfunum til lengri tíma um varðveislu og stjórnun og að koma til framkvæmda með skilvirkum hætti í lögum sínum og reglum viðeigandi alþjóðagæringum um fiskveiðar og lagareldi sem þeir eiga aðild að.
4. Samningsaðilarnir samþykkja að starfa saman að málefnum er varða sjálfbæra stjórnun fiskveiða og lagareldis á grundvelli tvíhliða samkomulags, ef við á, og á viðeigandi alþjóðlegum vettvangi sem þeir taka þátt í, þ.m.t. svæðisbundnum samtökum um stjórnun fiskveiða, m.a. með því að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um veiðar utan laga í því skyni að berjast gegn slíkri starfsemi.

#### Gr. 8.10

##### *Sjálfbær stjórnun jurtaolíuöðnaðarins og tengd viðskipti.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að nauðsynlegt er að taka tillit til efnahagslegra, umhverfislegra og félagslegra tækifæra og áskorana sem tengjast framleiðslu jurtaolíu og að viðskipti þeirra á milli geta gegnt þýðingarmiklu hlutverki í því að stuðla að sjálfbærri stjórnun og rekstri jurtaolíuöðnaðarins.
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig m.a. til, með það að leiðarljósi að tryggja efnahagslega, umhverfislega og félagslega hagkvæma og trausta stjórnun og rekstur jurtaolíuöðnaðar:
  - a) að beita með skilvirkum hætti lögum, stefnum og starfsvenjum sem miða að því að vernda gamalgróna skóga, mómýri og tengd vistkerfi, stöðva skógeyðingu, framræslu mólendis og undirbúningi landnýtingar með brennslu gróðurs, draga úr loft- og vatnsmengun og virða réttindi staðbundinna samfélaga og samfélaga frumbyggja og starfsmanna,
  - b) að styðja við miðlun og notkun staðla, starfsvenja og leiðbeininga um sjálfbærni vegna jurtaolíu sem er framleidd á sjálfbæran hátt,
  - c) að starfa með öðrum að því að bæta og efla opinbera staðla þar sem við á,
  - d) að tryggja gagnsæi í innlendum stefnum og ráðstöfunum sem varða jurtaolíuöðnaðinn og
  - e) að tryggja að jurtaolíur og afleiður þeirra sem samningsaðilarnir eiga í viðskiptum með sín á milli séu framleiddar í samræmi við þau markmið um sjálfbærni sem um getur í a-lið.

#### Gr. 8.11

##### *Samstarf á alþjóðavettvangi.*

Samningsaðilarnir samþykkja að efla samstarf sín á milli um gagnkvæm málefni til að stuðla að sjálfbærri þróun, m.a. málefni er varða vinnu- og umhverfismál og þætti þeirra er varða viðskipti og fjárfestingar, á viðeigandi tvíhliða, svæðisbundnum og marghliða vettvangi, m.a. vettvangi Alþjóðavinnuáráðs stofnunarinnar og innan ramma marghliða umhverfissamninga sem þeir eru aðilar að.

#### Gr. 8.12

##### *Framkvæmd og samráð.*

1. Samningsaðilarnir skulu tilnefna þær stjórnsýslueiningar sem eiga að þjóna sem tengiliðir að því er varðar framkvæmd ákvæða þessa kafla.
2. Samningsaðili getur, fyrir milligöngu tengiliða sem um getur í 1. mgr., óskað eftir samráði við sérfræðinga eða samráði innan sameiginlegu nefndarinnar vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla. Samningsaðilarnir skulu gera sitt ítrasta til að finna lausn á umræddum málum sem gagnkvæm sátt er um. Samningsaðilarnir geta leitað ráða hjá viðkomandi alþjóðastofnunum eða alþjóðlegum aðilum þar sem það á við og með fyrirvara um samkomulag sín á milli.
3. Samningsaðilarnir geta ekki nýtt sér gerðardómsmeðferð skv. 11. kafla (Lausn deilumála) vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla.

## Gr. 8.13

*Endurskoðun.*

Samningsaðilarnir skulu kanna reglulega, á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, hvernig hefur miðað að þeim markmiðum sem sett eru fram í þessum kafla og skoða alþjóðlega þróun, sem skiptir máli, til þess að greina þau svið þar sem frekari aðgerðir gætu stuðlað að því að ná fyrrnefndum markmiðum.

## 9. KAFLI

**SAMSTARF OG UPPBYGGING Á GETU**

## Gr. 9.1

*Markmið og gildissvið.*

1. Í þessum kafla er settur fram rammi um samstarf og uppbyggingu á getu samkvæmt þessum samningi.
2. Samningsaðilarnir samþykkja að markmið samstarfs og uppbyggingar á getu er að hlúa að samkeppnishæfni vara og þjónustu, vinna að uppfyllingu viðeigandi alþjóðlegra staðla og ná fram sjálfbærri þróun, einkum með því að styrkja mannlega og stofnanalega getu.

## Gr. 9.2

*Meginreglur.*

1. Samningsaðilarnir skulu stuðla að samvinnu og uppbyggingu á getu með það að markmiði að efla gagnkvæman ávinning af þessum samningi í samræmi við landsbundnar stefnuáætlanir þeirra og stefnumið og taka tillit til þess á hversu ólíkum stigum félagsleg og efnahagsleg þróun samningsaðilanna er.
2. Vinna skal að eftirfarandi markmiðum í samstarfi samkvæmt þessum kafla:
  - a) greiða fyrir því að heildarmarkmiðum þessa samnings verði náð, einkum til þess að efla gagnkvæm og hagkvæm viðskipti og fjárfestingartækifæri sem honum fylgja,
  - b) styðja viðleitni Indónesíu til að ná fram sjálfbærri efnahagslegri og félagslegri þróun, m.a. með því að styrkja mannlega og stofnanalega getu.
3. Í samstarfi og uppbyggingu á getu skal taka tillit til allra geira sem verða fyrir áhrifum af auknu frelsi og endurskipulagningu indónesísks hagkerfis, svo og geira sem kunna að njóta ávinnings af þessum samningi.

## Gr. 9.3

*Aðferðir og leiðir.*

1. Samstarf og uppbygging á getu af hálfu EFTA-rikjanna gagnvart Indónesíu skal fara fram tvíhliða á grundvelli áætlana EFTA, marghliða eða blöndu af þessu.
2. Samningsaðilarnir skulu vinna saman að því markmiði að finna og nota bestu aðferðir og leiðir til að koma þessum kafla til framkvæma með því að byggja á fyrirliggjandi umgjörð tvíhliða samstarfs milli samningsaðilanna og, þar sem við á, taka tillit til þess starfs sem viðeigandi alþjóðastofnanir hafa innt af hendi til þess að tryggja árangur og samræmi.
3. Leiðir til samstarfs og uppbyggingar á getu geta m.a. verið:
  - a) skipti á upplýsingum, yfirfærsla og skipti á sérfræðipækkingu og þjálfun, m.a. með því að greiða fyrir skiptiheimsóknum vísindamanna, sérfræðinga og fulltrúa einkageirans,
  - b) styrkir, þróunarsjóðir eða aðrar fjármögnunarleiðir,
  - c) sameiginleg starfsemi á borð við sameiginleg náms- og rannsóknarverkefni er varðar málefni sem tengjast þessum samningi,
  - d) að greiða fyrir miðlun tækni, færni og starfsvenja,
  - e) aðstoð og uppbygging á getu innan stofnana, m.a. með þjálfunarnámskeiðum, málstofum, ráðstefnum og starfsnámi,
  - f) stuðningur við þátttöku í alþjóðlegri starfsemi, m.a. staðlasetningu,
  - g) áhættumatsgreining í viðskiptum og
  - h) önnur samstarfssvið sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um.

4. Samningsaðilarnir geta komið á samstarfi og unnið að uppbyggingu á getu með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga, stofnana, samtaka og fulltrúa einkageirans, eftir því sem við á.

#### Gr. 9.4

##### *Samkomulag.*

Koma skal þessum kafla til framkvæmda á grundvelli samkomulags um samvinnu og uppbyggingu á getu milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu (hér á eftir nefnt „samkomulagið“). Það skal undirritað ásamt þessum samningi og byggja á og koma til viðbótar fyrirbyggjandi eða skipulögðu frumkvæði og starfi innan tvíhliða samstarfs.

#### Gr. 9.5

##### *Samstarfssvið og uppbygging á getu.*

1. Samvinna og uppbygging á getu getur náð til sviða sem samningsaðilar hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um að geti aukið möguleika Indónesíu til að njóta ávinnings af auknum viðskiptum og fjárfestingum á alþjóðavettvangi, m.a.:
  - a) tolla, upprunamála og viðskiptaliprunar,
  - b) sjálfbærrar þróunar,
  - c) fiskveiða, lagareldis og sjávarafurða,
  - d) staðla, tæknilegra reglna og samræmismatsferlis,
  - e) ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
  - f) hugverkaréttaréttinda,
  - g) hagskýrslna um viðskipti,
  - h) eflingar og þróunar á viðskiptum innan framleiðsluiðngreina, þ.m.t. starfsmenntunar og þjálfunar,
  - i) þróunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
  - j) sjóflutninga,
  - k) ferðaþjónustu,
  - l) vinnu og atvinnumála og
  - m) annarra samstarfssviða sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um.
2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að efla samstarf og uppbyggingu á getu til að stuðla að sjálfbærri þróun.

#### Gr. 9.6

##### *Fjárhagsákvæði.*

1. Samningsaðilarnir skulu vinna saman að því að nota árangursríkar leiðir til að koma þessum kafla til framkvæmda.
2. Sérhver samningsaðili skal bera þann kostnað og viðeigandi útgjöld sem leiðir af skuldbindingum hans vegna framkvæmdar þessa kafla og samkomulagsins í samræmi við eigin lög og reglur.

#### Gr. 9.7

##### *Undirnefnd um samstarf og uppbyggingu á getu.*

1. Til þess að tryggja viðeigandi framkvæmd þessa kafla koma samningsaðilarnir hér með á fót undirnefnd um samstarf og uppbyggingu á getu (hér á eftir nefnd „undirnefnd um samstarf“) þar sem sæti eiga fulltrúar allra samningsaðilanna.
